



### 3. Fundarboð Notendaráðs fatlaðs fólks í Norðurþingi

13 desember 2023, kl 14:00. Mættir eru: Jóna Rún Skarphéðinsdóttir, Einar Víðir Einarsson, Rebekka Ásgeirsdóttir, Júlía Margrét Birgisdóttir og Karolína Gunnlaugsdóttir.

Hermína Hreiðarsdóttir situr fundinn í fjarfundi.

Ketill Gauti Árnason verkefnastjóri á framkvæmdasviði situr fundinn undir lið 1 og 2.

Sunna Mjöll Bjarnadóttir ritar fundargerð.

1. Kynning á umsókn Norðurþings í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs.  
**Ketill Gauti kemur og kynnur þær þrjár umsóknir sem Norðurþing ætlar að sækja um í Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs. Þær hugmyndir eru til að bæta aðgengi að Ketilsbraut 7-9, Pálsgarði 2 og Borgarhólsskóla. Ketill segir einnig frá umsókn sem Þingeyjarsveit er að óska eftir í fasteignasjóð, þar sem er verið að fara í framkvæmdir til að auka aðgengi að Litlu Laugaskóla. Notendaráð samþykkir að sótt verði um fyrirliggjandi umsóknir frá Norðurþingi og Þingeyjarsveit, og leggur til við Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs að styrkja verkefnin með tilliti til aðgengis fyrir öll.**

2. Önnur mál.  
**Ketill segir frá að sótt hafi verið um í Römpum upp Ísland. Tveir rampar til að bæta aðgengi að íþróttahöllinni á Húsavík og einn rampur til að bæta aðgengi að Vallarhúsinu á Húsavík. Notendaráð fagnar verkefninu Römpum upp Ísland og vonar að umsóknir Norðurþings verði samþykktar til að tryggja betra aðgengi fyrir öll.**

**Hluti Notendaráðs fór í Sundlaug Húsavíkur 21 nóvember síðastliðinn að beiðni forstöðukonu sundlaugarinnar til skoða stöðuna á nýjum fjölskylduklefa. Notendaráðinu vonast til þess að klefinn verði tekinn til notkunar sem fyrst.**

**Notendaráð stefnir að ferð til Akureyrar 27.mars til að kynna sér starfsemi á Akureyri.**

Fundi slitið klukkan 15:02.

Jóna Rún Skarphéðins  
Júlía Margrét Birgisd.  
Karolína Kr. Gunnlaugsd.  
Rebekka Ásgeirsdóttir